

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 702/2002, um rétt útlendinga, sem falla undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið eða stofnsamning Fríverslunarsamtaka Evrópu, til að öðlast eignarrétt eða afnotarétt yfir fasteignum.**

### 1. gr.

1. gr. verður svohljóðandi:

Aðilar, sem njóta réttar hér á landi samkvæmt reglum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES) um frjálsa för fólks, staðfesturétt eða þjónustustarfsemi eða samsvarandi ákvæða í stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) eða samningi milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar, geta öðlast heimild yfir fasteign hér á landi án leyfis ráðherra, enda þótt þeir uppfylli ekki skilyrði 1. mgr. 1. gr. laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, svo sem nánar greinir í reglugerð þessari.

Aðilum, sem um getur í 1. mgr., er heimilt að nýta sér rétt til fjármagnsflutninga, samkvæmt reglum þeirra samninga sem greinir í 1. mgr., að því marki sem þeim er það nauðsynlegt til að neyta réttarins til frjálsrar farar fólks, staðfesturéttar eða þjónustustarfsemi.

### 2. gr.

a. liður 3. gr. verður svohljóðandi:

eign sem nota á sem nauðsynlegan bústað allt árið fyrir þann sem réttinn vill öðlast, eða

### 3. gr.

4. gr. falli niður.

### 4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 2. tölul. 4. mgr. 1. gr. laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, nr. 19 6. apríl 1966, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Innanríkisráðuneytinu, xx. xxxx 2013.*

**XXXXX.**

xxxxxx.